

Úthlutunarreglur vegna uppgræðsluverkefna í Sveitarfélaginu Ölfusi

Við ákvarðanir um styrkveitingu vegna uppgræðsluverkefna ber að taka mið af framkvæmdaáætlun þar sem landbótaverkefnum í sveitarfélaginu hefur verið raðað í forgangsröð.

Við röðun verkefna í forgang ber að taka mið af hagsmunum íbúa sveitarfélagsins, þ.e. með hvaða landbótaverkefnum má helst stuðla að auknum lífsgæðum íbúanna og auknum land- og vatnsgæðum í sveitarfélaginu.

Styrkir

Skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd Ölfuss (SBU), sem fer með úthlutun styrkja til landbóta, er heimilt að veita landeigendum, Sveitarfélaginu Ölfusi, félagasamtökum og öðrum umráðahöfum lands, styrki til landbótaverkefna. Einnig er heimilt að styrkja einstaklinga og hópa sem tekið hafa að sér umsjón afmarkaðs landsvæðis til uppgræðslu eða skógræktar. Upphæð styrks getur numið allt að 2/3 hluta kostnaðar við vinnu, tæki og kaup á aðföngum, en þó ekki meiru en sem nemur 10% þess fjár sem til úthlutunar er hverju sinni.

Ábyrgð

Þau verkefni sem styrkt eru verða undir forsjá og á ábyrgð styrkþega og eru þeir framkvæmdaðilar. Skipulags- og byggingarfulltrúi sveitarfélagsins Ölfuss mun hafa eftirlit með þeim verkefnum sem styrkt eru, fylgjast með framvindu og meta árangur.

Umsóknir

Auglýst er árlega eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum. Auglýsing skal birtast fyrir 15. febrúar og er umsóknarfrestur til 1. mars. Umsækjendum ber að fylla út umsóknareyðublað en umsóknum verða að fylgja eftirfarandi upplýsingar:

- Nafn og heimili umsækjanda.
- Kennitala og bankareikningur umsækjanda.
- Ábyrgðarmaður verkefnisins.
- Heiti verkefnis og staðsetning.
- Lýsing á verkefni; markmið, aðgerðir, tímaáætlun, kostnaður.
- Upplýsingar um mótframlög og aðra styrki.
- Landgræðslu- og landnýtingaráætlun, hafi hún verið gerð.
- Að umsækjandi sýni fram á getu sína til að vinna verkefnið.

Styrkhæf verkefni

Við ákvörðun um styrkveitingar er einkum lögð áhersla á:

- Að fyrir liggi framkvæmda- og kostnaðaráætlun vegna þess verkefnis sem styrkumsókn lýtur að.
- Landbætur sem stuðla að auknum lífsgæðum íbúa sveitarfélagsins.
- Stöðvun hraðfara jarðvegsrofs og gróðureyðingar.
- Endurheimt gróðurs og jarðvegs.
- Verkefni sem stuðla að auknum land- og vatnsgæðum í sveitarfélaginu.
- Að landnýting verði sjálfbær eins og kostur er.
- Bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi.

Einstök verkefni geta hlotið viljrði um styrk til allt að þriggja ára, enda fylgi umsókn tímasett kostnaðar- og verkáætlun. Styrkþegi þarf að skila áfangaskýrslu og endurskoðaðri áætlun í lok hvers árs á styrktímabilinu til að mögulega verði um framhald á styrkveitingum að ræða.

Forgangsröðun umsókna

Við forgangsröðun umsókna er áskilið að verkefni falli að áherslum, markmiðum og forgangsröðun Sveitarfélagsins Ölfuss. Við forgangsröðun umsókna ber að líta til eftirtalinna atriða:

- Að unnin hafi verið framkvæmdaáætlun fyrir aðgerðarsvæðið.
- Að markmið verkefnis sé skýrt og nákvæm grein gerð fyrir landinu sem vinna skal á.
- Að kostnaðaráætlun sé greinargóð og að í henni komi fram upphæð mótframlaga.

Landbótaverkefni sem vegna legu sinnar eru óaðgengileg, geta fengið hærri styrk en reglur þessar kveða á um, leiði það til styttri verktíma og betri nýtingar fjármuna.

Vinnsla umsókna

SBU fer yfir umsóknir og úthlutar árlega styrkjum úr sjóðnum fyrir 1. apríl ár hvert. Nefndin getur leitað eftir umsögn fagaðila um einstök verkefni, telji hún þess þörf.

Greiðsla styrks

Þeir styrkþegar sem þess óska, geta fengið helming styrks greiddan þegar staðfesting liggur fyrir um að verkefnið sé hafið. Eftirstöðvar eru greiddar þegar fyrir liggur vitneskja skipulags- og byggingarfulltrúa í Ölfusi um að verkinu eða umsömdum áfanga sé lokið. Ef styrks sem veittur er á árinu er ekki vitjað, skilyrði fyrir veitingu hans ekki uppfyllt fyrir lok árs, fellur styrkveitingin niður. Hafi verkefni verið hafið en því ekki að fullu lokið á árinu, er heimilt að fresta lokagreiðslu til næsta árs hafi styrkþegi þá lokið verkefninu.

Sveitarfélaginu Ölfusi, 23. maí 2014.